

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Ísafjarðarkaupstaðar. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða heimtaugina skv. kostnaði en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

Purfi að breyta loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða  $\frac{1}{3}$  hluta heimtaugargjalda samkvæmt gjaldskrá.

#### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum rafveitunnar er óheimilt að opna fyrir aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 400.00 í opnunargjald í skrifstofu rafveitunnar.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 200.00 í skrifstofu rafveitunnar.

#### V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka raforkureikninga um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. júní 1974 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 2%. Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis gert bráðabirgðaráðstafanir, er hún telur heppilegar, til að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskorti stendur. Söluskattur svo og gjöld skv. lögum nr. 4/1974 og nr. 5/1974 eru hér innifalín. Undanþegin er sala raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að gilda frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 231 25. júlí 1973.

*Iðnaðarráðuneytið, 4. júní 1974.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

4. júní 1974.

Nr. 177.

## AUGLÝSING

**um skipulag í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákvæðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Leirár- og Melahrepps í Borgarfjarðarsýslu að undanskildum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. júní 1974.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*